



## Neozed bræðivör

Vörn bræðivara byggist einfaldlega á því að grannur þráður (bræðivír) bráðni í sundur þegar straumáraun fer yfir ákveðin mörk ( $I_n$ ) og rjúfi þar með straumrásina.


Af þessu er ljóst að sá tími sem yfirstraumurinn varir getur verið afar mismunandi, allt eftir styrk bærðivarsins, og hægt er að lesa úr útleysiskúrfum hver sá styrkur er.

### Almennt getum við sagt að með vaxandi yfirstraum styttest roftíminn.

Í bræðivörum er varþræðinum (6) komið fyrir í lokuðu postulínshylki (1) sem fyllt er með kvarssalla (5). Kvarssallinn dregur úr ljósbogamyndun þegar varið rýfur og eykur rofgetu þess. Þráðurinn tengist svo við málplötur (2 og 3) sem tengjast svo í varhúsið (annað er



1 Neozed var tappar




2 Innvols neozed vartappa

Hugtakið rofgeta segir til um hve mikla yfirstrauma var getur rofið, oftast er þetta straumgildi gefið upp í kA við ákveðna spennu. Á bræðivörum eru merkjagjafar (6) sem gefa til kynna að var hafi rofið.

Framleiðandi varbúnaðar fyrir bræðivör merkir hann með tegundarheiti, málstraum o.fl. en við uppsetningu verður að setja upp merkingar um varstærð og hlutverk í kerfinu og setja þarf innlegg (máthulsa) inn í varhöldur til að passa að það sé ekki hægt að setja stærra var en merking segir til um.



3 Máthulsur í varhöldur



### Tengingar inn á Neozed vör

Taugar að tappavörum eru tengdar við tengiskrúfur á varhúsinu. **Aðtaugar tappavars skulu ávallt tengjast við botn þess**, svo að innri snertiflötur þess verði síður spennuhafa, þegar vartappi er tekinn úr því, sjá *ÍST:200 - 533.1.2*<sup>1</sup>

Hámarksrofgeta þessara vara er yfirleitt 50kA miða við. 500V

### Neozed sem fyrsta var í mælatöflu í íbúðarhúsnæði

Samkvæmt því sem sagt er í Tæknilegum tengiskilmálum raforkudreifingar, *Hámarkstraumþol stofnlagnar frá afhendingarstað dreifiveitu til og með síðasta yfirstraumsvari á undan sölumæli skal vera minnst 25kA<sup>2</sup>*, þá þarf að setja Neozed varhöldur sem fyrsta varbúnað því skammhlaupsþol þeirra er innan þeirra marka sem rafveitan setur. **Sjálfvör eru það ekki** ( $I_k \leq 10kA$ )

4 Neozed griphalda tengimynd



6 Siemens Neozed varhalda (dæmigert útlit)

### Neozed D02

$I_n$	Litakóði
2A	Ljósráutt
4A	Brúnt
6A	Grænt
10A	Ráutt
16A	Grátt
20A	Blátt
25A	Gult
35A	Svart
50A	Hvítt
63A	Kopar

**-Q0**  
**Stofnvar 3x50A**

5 Dæmi um merkingu á Stofnvari

<sup>1</sup> Varbotnum skal komið fyrir þannig að snerting varhöld við leiðan hluta nálægra varbotna eða leiðna hluti einingarninnar sé útilokuð, grein 533.1.2 – *Almennar kröfur fyrir bræðivör, IST HB 200:2023*

<sup>2</sup> TTR 2009 : Grein 4.4.1 – Skammhlaupsþol fyrir heimtaugar að 315A